



# KEILIR

SPENNANDI TÆKIFÆRI Í SKAPANDI UMHVERFI



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## SPENNANDI TÆKIFÆRI Í SKAPANDI UMHVERFI

---

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir starfar á fjórum sérhæfðum sviðum sem hvert hefur sínar áherslur í samræmi við markmið Keilis.

---



**HÁSKÓLABRÚ**

---



**FLUGAKADEMÍA**

---



**ÍPRÓTTAAKADEMÍA**

---



**TÆKNIFRÆÐI**

---



## LEIÐANDI AÐILI Í KENNSLUHÁTTUM OG TÆKNINÝJUNGUM

Keilir hefur útskrifað yfir 1000 nemendur á fimm árum. Skólinn er lítil og sérhæfður, með áherslu á nánd við nemendur og persónulega þjónustu. Hjá Keili er mikið lagt upp úr nútímalegum og fjölbreyttum kennsluháttum, bæði í fjarnámi og staðnámi. Einnig að nemendum sé skapað traust og gott námsumhverfi.

Mikið er unnið í teymisvinnu og hópverkefnum. Kennarar og aðrir starfsmenn eru áhugasamir um að nýta upplýsingatækni og tækninýjungar við kennslu sem miðar að því að gera nemendur að virkum þátttakendum í kennsluháttunum, ekki síður en náminu sjálfu.



## NÁMSFRAMBOÐ

Námið í Keili skiptist í fjögur sérhæfð megin svið, en innan hvers sviðs er fjölbreytt námsframboð. Sviðin fjögur eru Háskólabrú, sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir háskólanám, Flugakademía, sem býður upp á ýmiskonar flugtengt nám, Íþróttakademía sem veitir ÍAK þjálfararéttindi og tæknifræði, sem skiptist í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník hátæknifræði.

## AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA

Aðalbygging Keilis er á Grænásbraut 910 á Ásbrú í Reykjanesbæ og hýsir hún flestar kennslustofur, rannsóknaraðstöðu, stoðþjónustu og skrifstofur. Þar er einnig að finna bókasafn, lesrými, hópvinnuherbergi, kaffistofur og veitingasölu, auk þess sem viðburðir og uppákomur eru reglulega á dagskrá. Byggingin er opin nemendum frá morgni til kvölds. Kennsla fer einnig fram í Íþróttahúsinu á Ásbrú (gegnt aðalbyggingunni) og í verklegri kennsluáðstöðu Flugakademíu Keilis á Keflavíkurflugvelli.

## NÁMSRÁÐGJÖF

Hjá Keili starfa öflugir námsráðgjafar sem leggja metnað í að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur, með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, úrræði vegna sértækra námsörðugleika, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf ásamt því að efla sjálfsþekkingu nemenda. Nemendum Keilis stendur til boða að sækja ýmiskonar námskeið svo sem hraðlestrarnámskeið, námstækninámskeið og prófkvíðanámskeið.



## BÓKASAFN OG LESADSTAÐA


Á bókasafni Keilis er veitt fagleg upplýsingaþjónusta. Safnkosturinn er sérhæfður og miðar að því að styðja við það nám sem boðið er upp á við skólann. Bókasafn Keilis er í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar þar sem nemendur fá fullan aðgang að safnkosti og þjónustu, sér að kostnaðarlausu. Við bókasafnið er vel búin lesaðstaða.

## SAMGÖNGUR

Góð tenging er við önnur hverfi Reykjanesbæjar með ókeypis strætó sem gengur samkvæmt áætlun um öll hverfi bæjarins. Einungis 40 mínútur tekur að fara með almenningssamgöngum til Reykjavíkur, og eru farnar sjö ferðir á virkum dögum frá Ásbrú, nemendum á Ásbrú að kostnaðarlausu.

## NÁMSUMHVERFIÐ

Í Keili er lagður mikill metnaður í að skapa framúrskarandi námsumhverfi fyrir allt nám skólans sem er bæði sérhæft og fjölbreytilegt. Í skólanum eru fyrirlestrarsalir og hópvinnuherbergi, fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstaða sem og aðstaða fyrir verklega kennslu í tæknifræði, ný og glæsileg verkleg kennsluáðstaða hjá Flugakademíu og fullkomlega tækjum búinn kennslusalur fyrir þjálfun.



HÁSKÓLABRÚ



# NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS

Háskólabrú Keilis er samstarfsverkefni Keilis og Háskóla Íslands. Á Háskólabrú er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlandis og erlendis.

Kennsla við Háskólabrú fer fram í staðnámi á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri í samstarfi við SÍMEY. Einnig er kennt í fjarnámi með staðlotum.

Háskólabrú hefur markað sér sérstöðu í að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Nám á Háskólabrú hefur gefið fjölda fólks nýtt tækifæri til náms og hafa flestir útskrifaðir nemendur hafið háskólanám að náminu loknu, við góðan orðstír.

## NÁMSFRAMBOÐ

- FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD
- HUGVÍSINDAEILD
- VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
- VERK- OG RAUNVÍSINDAEILD



FLUGAKADEMÍA





# GEFÐU DRAUMUNUM VÆNGI


Flugakademía Keilis býður upp á nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu, flugumferðarstjórn og flugumsjón. Í einkaflugi og atvinnuflugi er boðið upp á fjar-nám með staðlotum.

Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur. Flugnemar Keilis njóta þess að fljúga nýjustu kennsluvélum landsins. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og að flugmælitæki kennsluvéla samsvari því sem flugrekendur nota í sínum rekstri. Raunhæfar útfærslur á atvinnuflugi í náminu undirbúa nemendur enn betur fyrir starfið en áður. Staðsetning skólans felur í sér einstakt tækifæri til þess að skapa frábæra aðstöðu til kennslu flugtengdra greina.

Flugakademían er vinsæll valkostur bæði innlendra og erlendra nemenda sem hafa áhuga á flugi.

## NÁMSFRAMBOÐ

- EINKAFLUG
- ATVINNUFLUG
- FLUGUMFERÐARSTJÓRN
- FLUGÞJÓNUSTA
- FLUGKENNARAÁRITUN
- FLUGVIRKJUN (Í VINNSLU)



ÍPRÓTTAAKADEMÍA



# VILTU VERÐA ÍAK ÞJÁLFARI?

Íþróttakademía Keilis býður upp á krefjandi, skemmtilegt og metnaðarfullt nám í ÍAK einkaþjálfun og ÍAK íþróttþjálfun. Í undirbúningi er að bjóða upp á nám í ÍAK hóþþjálfun. Miklir atvinnumöguleikar eru fyrir ÍAK þjálfara og samkvæmt könnunum á vegum Keilis eru þeir eftirsóttir þjálfarar.

Nám í ÍAK þjálfun miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa. Þannig er rík áhersla lögð á verklega kennslu samhliða þeirri bóklegu. ÍAK námsleiðir eru kenndar í fjarnámi með staðlotum á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri.

Auk ÍAK námsleiða býður Íþróttakademía Keilis upp á framúrskarandi ráðstefnur og símenntunarnámskeið í þjálfun og heilsutengdum málefnum fyrir fagfólk, s.s. einkaþjálfara, sjúkraþjálfara, íþróttþjálfara, íþróttfræðinga og kennara.

## NÁMSFRAMBOÐ

- ÍAK einkaþjálfun
- ÍAK íþróttþjálfun
- ÍAK hóþþjálfun



TÆKNIFRÆÐINÁM (BS)



# BÝR Í ÞÉR TÆKNIFRÆÐINGUR?

Keilir býður upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi sem veitir útskrifuðum nemum rétt til að sækja um lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur eftir þriggja ára nám. Nemendur geta valið um mekatróník hátæknifræði eða orku- og umhverfistæknifræði. Námið hentar vel þeim sem hafa verkvit og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

Miklir atvinnumöguleikar eru í tækni- og hugverkagreinum og er tæknifræðinámið hjá Keili bæði stysta og hagkvæmasta verk- og tæknifræðinám sem völ er á. Námið er sveigjanlegt og þannig úr garði gert að nemendur geti unnið með skólanum á seinni stigum námsins. Tæknifræðinám hjá Keili undirbýr nemendur vel fyrir krefjandi og fjölbreyttan vinnumarkað.

## NÁMSFRAMBOD

- ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI
- MEKATRÓNÍK HÁTÆKNIFRÆÐI



ÍBÚÐIR, ÞJÓNUSTA OG VIÐBURÐIR



## NEMENDAÍBÚÐIR

Á Ásbrú hefur á skömmum tíma myndast öflugt samfélag námsmanna og fjölskyldna þeirra. Í dag búa og starfa yfir 2000 manns á Ásbrú, sem er jafnframt stærsta námsmannasamfélag á landinu.

Uppbygging og umgjörð svæðisins miðar að því að gera Ásbrú að fjölskylduvænu svæði sem gott er að búa á meðan á námi stendur. Skemmtileg svæði til útivistar og öll helsta þjónusta er í seilingarfjarlægð. Íbúðirnar eru stórar og bjartar og leiguverð er mjög hagstætt. Allir námsmenn í lánshæfu námi eiga rétt til úthlutunar.

## ÞJÓNUSTA OG VIÐBURÐIR

Á Ásbrú er líkamsræktarstöð, fjölskylduvænn veitingastaður og kaffihús, listasmiðja, innileikjagardur, hársnyrtistofa, bensinstöð og stutt í alla helstu þjónustu. Einnig er grunnskóli, tveir leikskólar og dansskóli á svæðinu.

Fjöl margar uppákomur og viðburðir eru á Ásbrú, en í Andrews Theater hafa verið haldnar fjölsóttar alþjóðlegar ráðstefnur, fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar, auk þess sem vinsælar hljómsveitir og leikverk eru reglulega á dagskrá.



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

KEILIR / ÁSBRÚ / 578 4000 / keilir.net